

kristnitökunni fór óðum að birta og hlýna. Dagrinn föddist þá áreiðanlega í þjóðlifi Íslands. Það er sýnileg dagsbirta yfir Íslandi á ellestu öldinni. En það var nött yfir Íslandi á tíundu öldinni. Villudóms-einkennin hjá forseðruni vorum fóru minnkandi og fækkandi þegar undir eins eftir að kristindómnum hafði verið leyfð landsvist hið ógleymalaga ár—árið 1000. Fornsögu-öldin endar að vísu ekki fyrr en sein svarar einum lókum mannsaldri eftir það. Því svo lengi er söguefninum gamla, vígaferlin, hinur blóðugn maumhefndir, til í þjóðlifinu. En miðög fjárrí fer því þó, að heiðindómsandinn ganuli haldi sér á þeim mannsaldri með sama kraftinum eins og áðr. Sögur vorar bera þess marg-endrtekinn vott, það af þeim, sem nær inn á það tímabil, að þá er óðum að verða ljós í landinu, sannkristilegt trúarljós, og að ljómandi geislar af því ljósi eru þegar koinnir og farnir að hafa vald yfir samvizku þjóðarinnar.

Árið 1011 koma fyrir tvö voðaleg hryðjuverk á Íslandi, annað um vorið, hitt um haustið, svo skelfileg, að ekkert er meira í þá átt á heiðindómsöldinni áðr í sögu landsins. Annan að er víg Höskuldar Hvítanesgoða. Hitt er Njálsbrenna. Í hvorutveggja þeirra hryðjuverka kemir hinn forni heiðindómsandi fram í sínum algleymingi. En hius vegar bregðr þar á báðum stöðnum fyrir svo mikil að birtu kristinnar trúar, að engum getr dulizt, að ný öld, óendanlega miklu betri og sælli en hin gamla, er runnin upp yfir þjóðina. Þegar Höskuldur féll, sagði hann: „Guð hjálpi mér, en fyrirgefi yðr.“ Hann dó eins og hinn fyrsti kristni píslarvottr.—En eigi síðr er stórkostlegt að hugsa um Flosa Jónarson, þegar hann á ferð sinni til alþingis hittir Hildigönni bröðurðóttur sína, og hún kastar yfir hann skikkjunni, er Höskuldr, maðr hennar, var veginn í, svo að blóðlifrarnar dundu um hann allan, og særði hann í œðisgengnum grimmdarhug við allt heilagt og guðlegt, að koma blóðhefnd fram á banamönnum hins látna, eða heita hvers manns nifingr ella. Það óskaplega sálarstríð, sem þeim manni nauðugum og alveg óvaent var þá kastað út í! „Flosa brá svo við“—segir söguritarinn—, „að hann var í andlit stundum sem blóð, en stundum fölr sem nárr, en stundum